


EFTIRLITSMÆLING FRÁRENNSLIS

**Efnalosun með frárennsli við
vinnslu á síld í október 2016.**

**Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn
Fiskimjölsverksmiðja**



**ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.**



SKÝRSLA - UPPLÝSINGABLAÐ

Titill skýrslu Eftirlitsmæling frárennslis	Tegund skýrslu Mæliskýrsla		
Verkheiti Eftirlitsmæling frárennslis fiskimjölsverksmiðju 2016	Verkkaupi Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn		
Verkefnisstjóri - EFLA Páll Höskuldsson	Verkefnisstjóri / fulltrúi verkkaupa Rafn Jónsson		
Höfundur Páll Höskuldsson	Skýrslunúmer 1	Verknúmer 2868-006	Fjöldi síðna 3

Útdráttur

Mæling var gerð á heildarfrárennslí frá fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja Þórshöfn við vinnslu á síld í október 2016. Sex staksýni voru tekin yfir einn sólarhring úr brunni á frárennslislögnum og við sjónntak inn í verksmiðju. Sólarhringsblendsýni voru útbúin til mælinga á COD, fitu og svifögnum. Efnamagn í frárennslí var reiknað út frá heildarrennslí og unnu hráefnismagni (ht). Niðurstöður voru bornar saman við starfleyfiskröfur.

Niðurstöður mælinga:

EFNALOSUN Í SJÓ Sólarhringsmeðalgildi	Svifagnir [g/ht]	COD [kg/ht]	Fita [mg/L]	Hráefni unnið Hráefnistonn (ht)
Frárennslí frá starfsemi verksmiðju	281	0,92	1,0	600
Losunarmörk í starfsleyfi verksmiðju	300	1,5	100	

Losun mældist undir starfsleyfismörkum fyrir öll mæld efni.

Lykilord

Frárennslí, fitugildra, fiskimjölsverksmiðja, losunarmörk, fita, COD, svifagnir

Staða skýrslu	Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs
<input type="checkbox"/> Í vinnslu	<input type="checkbox"/> Opin
<input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar	<input checked="" type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa
<input checked="" type="checkbox"/> Lokið	<input type="checkbox"/> Trúnaðarmál



Útgáfusaga

Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.
	PH	12. 10. 2016				

1 INNGANGUR

Í október 2016 gerði Efla verkfræðistofa mælingar á frárennsli vinnsluvatns frá starfsemi fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn við vinnslu á síld. Tekin voru 6 staksýni frá útrennslí úr brunni og við sjónntak í verksmiðju auk þess sem magn frárennslis var áætlað út frá afkastagetu sjódælna. Sýnataka stóð yfir í einn sólarhring og hófust kl. 14 þann 5. október og voru sýnin tekin af starfsmanni Ísfélags Vestmannaeyja. Samfelld vinnsla var í verksmiðjunni meðan á sýnatöku stóð og vinnsluafköst 600 ht/d (hráefnistonn á sólarhring), sem eru dæmigerð meðalafköst. Mælingar voru framkvæmdar í samræmi við kröfur í starfsleyfi fiskimjölsverksmiðjunnar.

2 Framkvæmd mælinga

Sýni voru tekin úr brunni á útrennslislögn þar sem frárennslid rennur í sjávarviðtaka. Tekin voru 6 staksýni með jöfnu millibili yfir einn sólarhring. Einnig var tekið sýni af sjó við sjónntak að verksmiðju. Eitt sameiginlegt sólarhringsblendsýni frá sitt hvorum sýnatökustaðnum var síðan útbúið til efnagreininga. Sýnum var haldið kældum og myrkvudum í gler- og plastílátum og meðhöndluð strax til geymslu eftir sýnatöku. Í blendsýnum voru mældar heildarsvifagnir, efnafræðileg súrefnisþörf (COD) og fita. Efnagreiningar vatnssýna voru framkvæmdar á rannsóknarstofu EFLU fyrir utan fituinnihald sem mælt var hjá Matís.

Fita (mg/L). Heildarstyrku fitu og olíuefna í vinnsluvatni var mælt með soxtec aðferð, AOCS Official Method Ba 3-38, 1997. Fita í þurrkuðu sýni er dregin út með petroleum eter og útdrátturinn vegin, þegar eterinn hefur verið fjarlægður. Þessar mælingar voru framkvæmdar hjá Matís.

COD (mg/L). Efnafræðileg súrefnisþörf (Chemical Oxygen Demand) er mælikvarði á lífrænu innihaldi. Mælt er magn súrefnis sem þarf til að brjóta niður allt lífrænt efni í ákveðnu rúmmáli af vatnssýni og er því í raun um að ræða milligrömm súrefnis í lítra af vatnsýni (mg O₂/L). Mæling var framkvæmt samkvæmt DIN 38409-H41-H44.

Svifagnir (mg/L). Heildarstyrkur svifagna (e. Total Suspended Solids, TSS), var mælt samkvæmt Standard Methods 2540D þar sem svifagnir eru síðar frá vatni og uppleystu efni með glertrefjasíu (1,2 µm), þurrkaðar við 103°C og vigtaðar. Svifagnir eru mælikvarði á óuppleyst þurrefnini, þ.e. sá hluti þurrefnis sem mögulegt er að fella út í hreinsun.

Rennsli frárennslisvatns var áætlað út frá afköstum sjódælna.

3 Niðurstöður

3.1 Rennsli

Rensli var áætlað út frá afkastagetu sjódælna sem var $12.480 \text{ m}^3/\text{sólarhring eða } 520 \text{ m}^3/\text{klst.}$

3.2 Efnamælingar

Heildarefnamagn COD og svifagna frá starfsemi verksmiðju er reiknað út frá efnamagni í frárennsli að frádregnu efnamagni í inntakssjó. Niðurstöður efna- og rennslismælinga er að finna í töflu 1. Í töflu 2 er reiknuð út efnamagn yfir sólarhring út frá efnastyrk og rennsli. Í töflu 3 er reiknað út magn svifefna og COD á unnið hráefnistonn og losunartölur bornar saman við losunarmörk í starfsleyfi verksmiðjunnar. Losun allra mældra efna, svifagna, COD og fita mældist undir starfsleyfismörkum.

Tafla 1: Mældur efnastyrkur í sólarhringsblendsýni og meðaltalsrennsli frá efnamagni í fráeituvatns frá verksmiðju

EFNASTYRKUR OG RENNSLI	Svifagnir [mg/L]	COD [mg/L]	Fita [mg/L]	Rennsli [m ³ /klst]
Frárennsli frá verksmiðju	18,6	132	1,0	520
Sjór að verksmiðju	5,1	88		

Tafla 2: Efnamagn (reiknað út frá efnastyrk og rennsli)

EFNAMAGN OG RENNSLI	Svifagnir [kg/dag]	COD [kg/dag]	Fita [kg/dag]	Rennsli [m ³ /dag]
Sólarhringdmeðalgildi				
Frárennsli frá verksmiðju	232,1	1.645	12,5	12.480
Sjór að verksmiðju	63,6	1.092		12.480
Efnamagn frá framleiðslu	168,5	553		

Tafla 3: Efnalosun vegna starfsemi verksmiðju í viðtaka og losunarmörk samkvæmt starfsleyfi

EFNALOSUN Í SJÓ	Svifagnir [g/ht]	COD [kg/ht]	Fita [mg/L]	Hráefni unnið Hráefnistonn (ht)
Sólarhringsmeðalgildi				
Frárennsli frá starfsemi verksmiðju	281	0,92	1,0	600
Losunarmörk í starfsleyfi verksmiðju	300	1,5	100	